WALDORFSKÓLINN LÆKJARBOTNUM

# Bekkjarnámskrá 9.-10. bekkur 2024-2025

## Íslenska

Íslenska er samþætt við mannkynssögu og náttúrufræði. Fagtími er tvöfaldur einu sinni í viku allt skólaárið.

## Haustönn

| | |
|---|---|
| Bókmenntir<br>Ritun<br>Tjáning<br><br>**Tímabil**<br>**16.9-18.10**<br><br>**Fagtímar allt árið** | Í vetur er unnið áfram með bókmenntir, ritun og tjáningu.<br>**Ritun**<br>• lögð meiri áhersla á að nemendur leiðrétti sjálfir stafsetningu með tilliti til þekkingar sinnar,<br>• áhersla á persónulega túlkun og þróun eigin stíls í ritun,<br>• áhersla á lestur bókmennta og ljóða til gagns og afþreyingar. Farið yfir bókmenntahugtök og unnið með þau við greiningu á texta,<br>• Vertu ósýnilegur: flóttasaga Ishmaels verður lesin og unnin verkefni í tengslum við hana,<br>• lögð áhersla á að sýna nemendum fram á notkunarmöguleika málsins í framsögn, ræðumennsku og skapandi skrifum, umræðum og fleira. |

## Vorönn

| | |
|---|---|
| Bókmenntir<br>Ritun<br>Tjáning<br><br>**Tímabil**<br>**10.3-11.4**<br><br>**Fagtímar allt árið** | **Ritun**<br>• lögð áhersla á að nemendur leiðrétti sjálfir stafsetningu með tilliti til þekkingar sinnar,<br>• áhersla á persónulega túlkun og þróun eigin stíls í ritun,<br>• áhersla á lestur bókmennta og ljóða til gagns og afþreyingar. Fjallað um stefnur í bókmenntasögunn með áherslu á íslenska bókmenntasögu,<br>• ljóð og smásögur úr íslenskri bókmenntasögu verða lesin og unnin verkefni í tengslum við þá texta sem verða fyrir valinu,<br>• lögð áhersla á að sýna nemendum fram á notkunarmöguleika málsins í framsögn og skapandi skrifum, ræðumennsku, umræðum o.fl., |

## Stærðfræði

Stærðfræði er kennd í tveim lotum, önnur á haustönn, hin á vorönn, fjórar vikur í senn. Auk þess er vikulegur dæmatími fastur liður allt skólaárið, tvær kennslustundir í senn.

## Haustönn 2024

| | |
|---|---|
| **Tímabil**<br>**25.11-20.12** | • pýþagóras,<br>• regla Þalesar,<br>• þríhyrningar,<br>• skilgreiningar á hornum,<br>• rétthyrndir þríhyrningar,<br>• einslögun,<br>• mælieiningar,<br>• flatarmál þríhyrninga, ferhyrninga og hringja,<br>• rúmmál og yfirborðsflatarmál strendinga,<br>• hnitakerfið. |

## Vorönn 2025

| | |
|---|---|
| **Tímabil**<br>**3.02-7.03** | • upprifjun á stærðfræði fyrri ára,<br>    • pósitívar og negatívar tölur,<br>    • almenn brot, tugabrot og prósentur,<br>    • talnalæsi,<br>    • veldi, tugveldi, staðalform,<br>• orðadæmi,<br>• hugarreikningur,<br>• algebra,<br>• mynstur,<br>• formúlur,<br>• bókstafareikningur,<br>• jöfnur, fyrsta- og annars stigs,<br>• upprifjun á hnitum,<br>• föll,<br>• prósentureikningur,<br>• tölfræði,<br>• jöfnur með óþekktum stærðum,<br>• deilanleiki og þáttun. |

## Erlend tungumál
## Enska

| | |
|---|---|
| **Haustönn**<br>**Tímabil**<br>**vikulega 2**<br>**kennslustundir**<br><br><br>**Vorönn**<br>**Tímabil**<br>**vikulega 2**<br>**kennslustundir** | **Samskipti og frásögn**<br>• kennari les upp með nemendur sögur eða greinar um ákveðið efni og gefur nemendum tækifæri að ræða innihaldið í hópum og við kennara,<br>• nemendur æfa sig að bera fram orð sem reynast íslendingum erfið eins og t.d. w og v og fleira,<br>• nemendur kynna bækur, smásögur og greinar sem þeir hafa lesið,<br>• nemendur skrifa stuttar sögur og umsagnir. Nemendur velja í sameiningu orð sem koma fyrir í ákveðnum viðfangsefnum og nota þau orð til að skrifa stutta sögur,<br>• nemendur læra að takast á við ólíkar aðstæður sem gera kröfur um almenn samskipti,<br>• nemendur læra að færa rök fyrir máli sínu, taka tillit til annarra sjónarmiða og taka þátt í skoðanaskiptum,<br>• nemendur endursegja sögur og skrifa eigin sögur,<br>• nemendur gera Powerpoint-kynningu um Gandhi sem þeir flytja í kennslustund.<br>**Lesskilningur**<br>• ein skáldsaga lesin og nemendur skila vikulegum umsögnum um hvern kafla,<br>• nemendur lesa nokkrar smásögur og ljóð. Nemendur velja sér einnig greinar sem þeir hafa áhuga og vilja fjalla um. Nemendum kennt að finna sér áreiðanlegar heimildir,<br>• nemendur lesa blaðagreinar, fræðitexta, smásögur og skáldsögur til að auka orðaforða sinn,<br>• nemendur læra að lesa sér til gagns og fróðleiks rauntexta, smásögur, skáldsögur ætlaðar ungu fólki og læra að afla sér upplýsinga úr þeim og mynda sér skoðanir um ofangreinda texta.<br>**Hlustun**<br>• nemendur hlusta á ákveðið efni sem kemur fram í hlaðvörpum, stuttar sögur og greinar,<br>• markmiðið er að nemendur geti hlustað eftir nákvæmum upplýsingum og tileinkað sér aðalatriði í frásögnum og umfjöllunum í fjöl- og myndmiðlum sem tengjast efni innan áhugasviðs og námssviðs þeirra.<br>**Ritun**<br>• uppsetning og gerð ritgerða,<br>• Stafsetning,<br>• Nemendur skrifa stuttar sögur þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín,<br>• Nemendur skrifa texta til að tjá skoðanir sínar á því sem þeir hafa lesið eða kynnt sér,<br>• Nemendur læra að skrifa texta á stuttum tíma um efni sem fangar þá og vekur áhuga þeirra.<br>**Menningarlæsi**<br>• nemendur lesa sér til um menningu enskumælandi landa og kynna sér mun á mállýskum,<br>• nemendur læra mun á helstu orðum eins og t.d. lift/elevator, plaster/band-aid, highway/motorway og svo framvegis,<br>• nemendur bera saman eigin menningu og menningu markmálsins, |

| | |
|---|---|
| | • nemendur hlusta á mismunandi mállýskur til að gera greinarmun á þeim.<br>**Námshæfni**<br>• nemendum eru kenndar aðferðir til að tjá sig á áhrifaríkaríkan hátt eins og t.d. að umorða,<br>• nemendur kennt að beita sjálfsmati og jafningjamati,<br>• nemendur læra að nota helstu hjálpargögn eins og t.d. orðabækur, leitarvélar o.fl.,<br>• nemendur læra að rýna í heimildir. |

## Danska

| | |
|---|---|
| **Vorönn vikulega 2 kennslustundir**<br><br>**Haustönn vikulega 2 kennslustundir** | **Samskipti og frásögn**<br>• kennari les upp með nemendum ljóð, sögur og greinar um ákveðið efni og gefur nemendum tækifæri að ræða innihaldið í hópum og við kennara,<br>• nemendur leysa tjáskiptaverkefni í sameiningu,<br>• nemendur æfa sig í dönskum framburði,<br>• nemendur kynna smásögur og ljóð sem þeir hafa lesið,<br>• nemendur skrifa stutta texta á dönsku til að æfa sig að mynda málfræðilega réttar setningar,<br>• nemendur læra að takast á við ólíkar aðstæður sem gera kröfur um almenn samskipti.<br>**Framburður**<br>• nemendur læra allar helstu framburðarreglur í dönsku.<br>**Málfræði**<br>• beyging sagna í nútíð,<br>• beyging sagna í þátíð,<br>• óákveðinn og ákveðinn greinir,<br>• persónufornöfn,<br>• beyging sterkra og veikra sagna,<br>• fleirtala nafnorða.<br>**Lesskilningur**<br>• nemendur lesa ólíka texta og ljóð með orðabók,<br>• nemendur lesa eina bók heima,<br>• nemendur lesa skáldsögur og smásögur til að auka orðaforða sinn,<br>• nemendur læra að lesa sér til gagns og fróðleiks smásögur, ljóð og læra að afla sér upplýsinga úr þeim og mynda sér skoðanir um ofangreinda texta.<br>**Hlustun**<br>• nemendur hlusta á stutta texta og ljóð,<br>• markmiðið er að nemendur læri að tengja saman hið ritaða og talaða orð og byrji að gera sér grein fyrir framburðareinkennum danskrar tungu.<br>**Ritun**<br>• uppsetning og gerð ritgerða,<br>• réttritun,<br>• nemendur skrifa stutta texta,<br>• nemendur tjá skoðanir sínar á því sem þeir hafa lesið eða kynnt sér,<br>• nemendur þýða texta heima og í kennslustundum á dönsku og af dönsku.<br>**Menningarlæsi**<br>• nemendur lesa sér til um menningu Danmerkur og læra um önnur norðurlandamál,<br>• nemendur lesa sér til um mikilvægar danskar hefðir og menningarleg hugtök eins og t.d. hygge.<br>**Námshæfni**<br>• nemendum eru kenndar aðferðir til að tjá sig á áhrifaríkaríkan hátt eins og t.d. að umorða,<br>• nemendur kennt að beita sjálfsmati og jafningjamati,<br>• nemendur læra að nota helstu hjálpargögn eins og t.d. orðabækur, leitarvélar o.fl.,<br>• nemendur læra að rýna í heimildir. |

## List- og verkgreinar
## Handavinna

| | |
|---|---|
| **Vorönn**<br>**Tímabil**<br>**30.01 - 24.02**<br>**Tímabil**<br>**06.03 - 31.03** | Nemendum er skipt í hópa, 9. bekk og 10. bekk.<br>• verkefni 9. bekkjar er að kára Waldorfbrúðu sem nemendur byrjuðu á, á síðasta skólaári,<br>• að því loknu teikna nemendur upp buxsnansið og suma buxur,<br>• skrifuð verður verklýsing sem nemandi æfir sig í að nota.<br>• æfð er nákvæmni, saumur á saumvél og að fara eftir verklýsingu sem eflir sjáltstæð vinnubrögð.<br>Verkefni 10. bekkjar<br>• nemandi sauma hettupeysu á sig sjálf. Unnið er útfrá tilbúnu sniði sem hver nemenda aðlagar að eigin smekk og stærð,<br>• nemandi reiknar út efnis magn og fer sjálfur að versla efni. Gerðar eru kröfur um að efnið sé minnst 80% bómull,<br>• verkefnið krefst útsjónarsemi, kunnáttu í saumavél, nákvæmni og góðan vinnu aga,<br>• skrifuð verður verklýsing sem nemandi æfir sig í að nota,<br>• æfð er nákvæmni, saumur á saumvél og að fara eftir verklýsingu sem eflir sjáltstæð vinnubrögð. |

## Smíði

| | |
|---|---|
| Smíði<br>9. bekkur<br>**Tímabil**<br>**6.1-7.3**<br><br>10. bekkur<br>**Tímabil**<br>**10.3-0.5**<br><br><br>Eldsmíði<br>**Tímabil**<br>**16.09-11.10**<br>1. hópur<br>**28.10 - 22.11**<br>2. hópur<br><br>Vorönn<br>**Tímabil**<br>**01.03-26.03**<br><br>**Tímabil**<br>**05.04-23.04** | Nemendum er skipt í tvo hópa<br>**Nemendur í 9. bekk læra að:**<br>• beyta ýmsu holjárnum og draghnífum,<br>• nota exi,<br>• búa til Bolla, spaða eða ausu.<br>**Nemendur í 10 bekk læra að:**<br>• nota borvél og pússuvél,<br>• gera litla skál eða koll,<br>• teikna og hanna verkefnið fyrir framkvæmd,<br>• hugtök um fagurfræði og formum úr myndlist.<br><br>**Nemendur hanna og smíða hníf úr hnífastáli**<br>• læra nýjar aðferðir, spennujafna hnífsblað, herða í olíu og tempra.<br>**Nemendur í 9. bekk hanna og smíða skeið úr járni**<br>• læra að fletja út járn til að mynda skeið,<br>• nemendur læra að snúa upp á járn.<br>**Nemendur í 10. bekk hanna, teikna og smíða eigin stól**<br>• hönnun úr endurunnu efni svo sem gömul borð og bekki,<br>• nákvæm tækniteikning með réttum hlutföllum,<br>• samsetningar á sessum og stólfótum,<br>• unnið með handverkfæri,<br>• læra að nota smíðavélar. |

## Tónlist

| | |
|---|---|
| **Tímabil**<br>**24.08-18.09**<br><br><br><br><br>**26.09-20.11** | **Nemendur æfa:**<br>• tónmyndun og hljóm,<br>• samsöngur á lögum frá öllum tónlistargeirum og mismunandi menningum sem og samspilshópum með söng og hljóðfæri,<br>• tónfræði og nótnalestur.<br>**Nemendur læra:**<br>• tónlistarsöguna,<br>• algeng tónlistarhugtök og formerki,<br>• umræður um stöðu tónlistar í samfélaginu og merkingu hennar fyrir samfélög og einstaklinga. |

## Hrynlist

Hrynlist eða eurythmi er ekki til staðar í aðalnámskrá grunnskólanna heldur er hún hluti af skólanámskrá Waldorfskólanna. Hrynlist er kennd á öllum aldursstigum og vinnur að því að taka upp efnivið fagtíma og umbreyta í hreyfingu.

| | |
|---|---|
| **Tímabil**<br>**01.02-26.02** | **Nemendur vinna að myndgerð ljóða í hrynlistalotu**<br>• unnið með ljóð sem nemendur velja,<br>• byggja upp formið fyrir ljóðin og myndbyggingu þeirra undir leiðsögn hrynlistakennara,<br>• ljóð gerð sýnileg á hnitmiðaðri hátt en í yngri bekkjarstigum. |

## Leiklist

| | |
|---|---|
| **Tímabil**<br>**22.08-13.09** | **Leiklist, samþætt við íslensku og samfélagsfræði**<br>• nemendur vinna með ævisögur mannréttindafrömuða, umhverfis- eða dýrverndunarsinna,<br>• nemendur taka þátt í ritun handrits,<br>• nemendur taka þátt í uppbyggingu sviðsmyndar, búningagerð og hljóðmynd. |

## Myndlist

| | |
|---|---|
| **Tímabil**<br>**Allt árið**<br>Tvær samliggjandi kennslustundir vikulega | **Vikulegir tímar. Tenging við listasögu frá Forn-Egyptum að impressjónisma. Unnið með ýmsa þættir málaralistar svo sem:**<br>• litaupplifanir og blöndun lita,<br>• hreinir frumlitir blandaðir til að mynda svarta, gráa og brúnlitaða tóna,<br>• teiknað úti í náttúrunni með kolum,<br>• málað á þurr blöð með þunnri málningu,<br>• málað lag eftir lag og flöturinn látinn þorna á milli umferða,<br>• aðferðir til að ljósið komi inn í myndina á annan hátt en áður hefur verið æft,<br>• litahringurinn málaður á þennan hátt. |

## Samfélagsfræði

| | |
|---|---|
| Mannkynssaga<br>**Tímabil**<br>**28.10-22.11** | **Samþætt við íslensku og myndlist. Nemendur læra um:**<br>• borgarastyrjöld Bandaríkjanna,<br>• fyrri og seinni heimsstyrjöldina,<br>• dýpka þekkingu sína á 20. Öldinni. |

| | |
|---|---|
| Starfskynningar<br>**Tímabil**<br>**12.-14.3.** | Í vetur verður lögð áhersla á að allir fari í starfskynningar. Markmiðið er að kynnast atvinnulífinu í landinu betur. Nemendur vinna að vali starfsvettvangi. Unnin verkefni út frá því. |

## Náttúrufræði

| | |
|---|---|
| Líffræði<br>**Tímabil**<br>**21.11-16.12** | **Mannslíkaminn**<br>• taugakerfið,<br>• meltingarkerfið,<br>• hrynjandakerfið (hjarta og æðakerfið),<br>• frumur og fósturfræði,<br>**Manneskjan í umheiminum og fjögur ríki náttúrunnar**<br>• steinaríkið,<br>• plönturíkið,<br>• dýraríkið,<br>• manneskjan.<br>Umfjöllun og samanburður. Dregin er saman heildarmynd af lærdómi undangenginna skólaára. |

| | |
|---|---|
| Efnafræði<br>**Tímabil**<br>**10.05-21.05** | **Nemendahópurinn er tvískiptur, annar er í efnafræði en hinn hópurinn í eðlisfræði.**<br>• grunnþættir efnafræðinnar,<br>• efnafræðileg kerfi, lotuborðið,<br>• atómísk líkön,<br>• kolefnishringrásin,<br>• lífrænar sýrur; áfengi, sýrur og basar og bragðefni,<br>• gróðurhúsaáhrifin,<br>• oxun og fækkun,<br>• efnaferlar jarðolíu. |

| | |
|---|---|
| Eðlisfræði<br>**Tímabil**<br>**10.05-21.05** | **Nemendahópurinn er tvískiptur, annar er í efnafræði en hinn hópurinn í eðlisfræði.**<br>**Hita og aflfræði**<br>• stækkun og samdráttur,<br>• fasaumbreytingar eins og uppgufun, bráðnun, storknun, þétting,<br>• hitastig, suðumark, þrýstingur ogrúmmál, lögmál Boyle og óreiða/skipulagsleysi,<br>• gufuhverfill, gufuvél, ísskápur, varmadæla,<br>• innri brennsluvél, eldflaugavél,<br>• nútíma hitaveituvélar /tæki,<br>• hugtakið orka,<br>• efnahvörf,<br>**Raforkukenning og hljóðvist**<br>• tíðni og tónhæð,<br>• rafsveiflur í hljóðnema / hátalara /síma, umbreyting í hljóðbylgjur. |

| | |
|---|---|
| Landafræði<br>Samþætt við samfélagsfræði | **Heimsálfurnar Asía, Afríka, Ástralía, og Ameríka.**<br>• sérkenni,<br>• lífsskilyrði,<br>• auðlindir,<br>• löndin, |

## Lífsleikni

| | |
|---|---|
| Lífsleikni<br>Furudalsvika<br>**23.9.-27.9.**<br><br><br><br><br><br><br>Skólaferðalag<br>**Tímabil**<br>**19.5-23.5** | **Lífsleiknivika**<br>Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kvekja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans.<br><br>Nemendur í 9.-10. bekk eru drekar í drekaleiknum, árlegri lífsleikniviku. Því að vera dreki fylgir mikil ábyrgð. Hlutverkið reynir á getuna til að aðlagast mismunandi aðstæðum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Hlutverkin krefjast færni eins og sjálfsígrundun, lausnamiðaðri hugsun og færni í mannlegum samskiptum.<br><br>**Ferð til útlanda**<br>Woldorfskóli heimsóttur. Áhersla á náttúru viðkomandi lands, sögu og menningararfleið og efling teymisvinnu og samskiptahæfileika. |

## Heimilisfræði

| | |
|---|---|
| Val<br>Útieldun<br>**Tímabil**<br>**25.06- 06.06** | Nemendur læri útieldun, þrói meðvitund um sjálfbærni og náttúruvernd, auki sjálfstæði og ábyrgð, styrki félagsleg samskipti og samvinnu, þroski sköpunargáfu og hugmyndaflug |

## Íþróttir og hreyfing

| | |
|---|---|
| **Tímabil**<br>**Reglulega yfir allt skólaárið** | Skokk, gönguferðir og reiðhjólaferðir verða stunduð á skólaárinu.<br>Fjallgöngur verða nokkrar yfir árið.<br>Sundkennsla fer fram í Kópavogslaug. Íþróttir eru kenndar í Fylkishúsinu. |
| Bothmerleikfimi<br><br>**Tímabil**<br>**16.09-22.11** | Leikfimi snýst um að þróa forsendur nemanda til hreyfingar. Þetta þýðir hvetjandi starfsemi i formi útivistar, hópleika og íþróttaiðkunar. Viðfangsefnið mun veita reynslu og þekkingu á því hvernig líkamin virkar í virkni og hvild. Íþróttakennsla miðar að því að veita grunnupplifun að rými og þyngdarafl, eins og maðurinn stendur í tengslum við víddir rýmis og likamleg lögmálin. Það á að veita skilning á því hvernig hægt er að þróa færni í ýmiss konar hreyfingu og hvernig á að æfa hreyfifærni, styrk og þol. Þekking að hreyfingu og heilsu og á því hvernig mæta megi kröfum um að ná tökum á hreyfingum og hreyfingu að daglegu lífi er miðlæg og einbeiting og fullkomin leikni eru mikilvæg markmið. Leikfimi ætti einnig að stuðla að því að efla skilning nemandans á því hvers vegna heilbrigður lífsstíll veitir bæði persónulegan og samfelagslegan ávinning.<br>Að ná tökum á einhverju skapar gleði og sjálfstraust. Leikfimi ætti að hjálpa til við að skapa þessir stundir og efla leikni og heilbrigt og gott samband við eigin líkama.<br>**Markmið**<br>• geta tekið þátt í ólíkum íþróttum<br>• þekkja tækni, taktík og þjálfunarreglur í fjölbreyttum hópíþróttum |
| Ólympíuvika<br>**Tímabil**<br>**04.05-07.05** | Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana. |

## Upplýsinga- og tæknimennt

| | |
|---|---|
| **Tímabil**<br>**22.8.-13.9**<br><br><br>Tæknimennt<br>Ritvinnsla<br>Borgaraleg vitund<br>Stafrænt siðferði | **Nemendur kynnast hvernig tölva er sett saman og með hvaða hætti hún starfar**<br>• ihluti tölvunnar og aðgerðir þeirra,<br>• örgjörva og vinnsluminni,<br>• orð og hugtök æfð til þátttöku í samræðum um tæknilausnir.<br><br>**Ritvinnsla er samþætt við íslensku**<br>• nemendur gera rafrænar vinnubækur þar sem áhersla er lögð á að,<br>• afla ritaðra og rafrænna heimilda,<br>• setja upp heimildaskrá,<br>• uppsetningu ritgerða, inngangur, meginmál, samantekt og niðurstöður,<br>• heimildarýna.<br>**Umræður um**<br>• starfræna borgaravitund,<br>• samfélagsmiðla,<br>• stafrænt siðferði,<br>• falsfréttir. |

*Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

**Heimildaskrá:**
Aðalnámskrá grunnskólanna, Sótt af:
https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74
Læreplan for Steinerskolerne. Skólanámskrá Waldorfskólanna í Noregi. Sótt af:
https://www.steinerskole.no/pedagogikk/laereplan/
En väg til frihet, skólanámskrá Waldorfskóla í Svíþjóð. Sótt af:
http://www.uppsalawaldorfskola.nu/wp-content/uploads/2018/01/en-vag-till-frihet.pdf